

## 4. gr.

Auk þess að annast ráðstöfun starfslauna skal starfslaunanefnd kanna eftir föngum, hvernig listamönnum verði með öðrum hætti sköpuð æskileg vinnuskilyrði með nýtingu húsnæðis og annarrar aðstöðu, sem tiltæk kann að vera á vegum ríkisins hverju sinni.

*Menntamálaráðuneytið, 4. júlí 1969.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

**um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi  
til dragnótaveiða sumarið 1969.**

Samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið eftirgreindar breytingar á reglum þeim, sem settar voru 12. júní s.l. með auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969:

Bátum innan lögmætra stærðartakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi og leyfi hafa fengið til dragnótaveiða, eru heimilar dragnótaveiðar á svæði frá línu, sem dregin er réttvísandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, sem dregin er réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi með sömu takmörkunum og áður hafa verið ákveðnar. Þó eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfaflóa á tímabilinu 12. júlí til 15. ágúst n.k. innan línu, sem dregin er úr Brikurskeri við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann. Á tímabilinu frá 16. ágúst til 31. október eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfaflóa innan línu, sem dregin er frá innra horni Skálavíkur við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. júlí 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

**um bann við veiðum með botnvörpu, flotvörpu, dragnót og herpinót á  
á hrygningarsvæðum síldar í fiskveiðilandhelgi Íslands.**

## 1. gr.

Á tímabilinu 25. júlí til 16. ágúst 1969 er bannað að veiða með botnvörpu, flotvörpu, dragnót og herpinót á eftirgreindum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar:

1. Fyrir suðurströnd landsins á svæði innan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins og takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57' vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22°32' vesturlengdar.

2. Í Faxaflóa á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða og í réttvísandi vestur frá þeim:

a) 64°12' n.br., 22°20' v.lg.

b) 64°25' n.br., 22°30' v.lg.

Að vestan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómíliur vestur af Garðskagavita (64°04,9' n.br. 22°41,7' v.lg.) í Malarrifsvita (64°43,7' n.br. 23°48,5' v.lg.).

## 2. gr.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 24. júlí 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

8. ágúst 1969.

Nr. 168.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Felld verður niður stöðvunarskylda á Klifvegi gagnvart umferð um Bústaðaveg.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. ágúst 1969.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

1. september 1969.

Nr. 169.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Langholtsvegur verður aðalbraut þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Suðurlandsbraut og Kleppsveg.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík 1. september 1969.*

**Sigurjón Sigurðsson.**